

Sögupokar í Lundabóli 2018

Markmið:

Markmiðið er að útbúa áhugavert, fjölbreytt, skemmtilegt og ekki síst lifand námsefni fyrir öll börn á leikskólaaldri. Sögupokar innihalda bækur, hluti, orð og myndir sem tengjast bókinn sem er í pokanum. Sögupokarnir eiga að nýtast sem kennsluefni fyrir alla starfsmenn leikskólans og efla þá í kennslu læsis. Skemmtilegt og lifandi kennsluefni skilar ánægðari og öruggari starfsmönnum og öflugri nemendum. Hamingjusamari nemendur með aukinn orðaforða og læsari á lífið og tilveruna í lok leikskólagöngunnar.

Með þessu kennsluefni eflum við:

Íslenska málvitund s.s.hugtakaskilning, aukinn orðaforða og rím. Þekkingu á tölustöfum og stærðfræðiheitum, grunnformum og litum. Framsögn, samskipti og sjálfsmynd barna.



Leiðir/framkvæmd:

Við sóttum um kr.988.000 samkvæmt kostaðaráætlun fyrir 8 sögupokum. Við fengum kr. 500.000 styrk. Ákveðið var að reyna að gera alla pokana sem lagt var upp með þrátt fyrir að hafa ekki fengið þá upphæð sem talin var þurfa. Leikskólinn styrkti verkefnið með pappírs og plastkaupum. Sögupokarnir urðu því 8 eins og hugmyndin var í upphafi.

Bækurnar sem fóru í pokana voru valdar með kosningu meðal starfsmanna.

Næsta skref var að finna/kaupa efni ,tvinna og snúrur í pokana. Við fengum saumakonu til að sauma þá og þeir voru síðan merktir af Merkt ehf. Í Garðabæ.



Í fimm poka fór ein sögubók, í tvo poka fóru tvær bækur um sömu sögupersónu og í einn poka fóru þrjár bækur um sömu sögupersónu með mismunandi áherslur og verkefni fyrir hverja bók. Í hverjum poka eru persónur og hlutir sem tengjast hverju ævintýri fyrir sig. Einnig spurningar úr sögunni, leiðbeiningar/hugmyndir um notkun, stafrófið, tölustafir og þulur. Verkefnin eru mis erfið svo þau nýtist mismunandi aldri. Efniviðurinn/ verkefnin eru fengin af vñum, bókaverslunum, á ferðalögum erlendis og heimatilbúin að stærstum hluta.



Hindranir:

Á leikskólum er alltaf tímaskortur en hver stund sem gafst var notuð. Við vorum alltaf með augun opin hvar sem við vorum eða hvert sem við fórum til að ath. hvort við sæjum eitthvað sem nota mætti í pokana, bæði hér heima og á ferðalögum erlendis. Við hefðum alveg getað hugsað okkur að vinna meira saman þ.e. að ná að ræða verkefni og ígrunda þau. Þetta var oftast einstaklings framlag hvorrar fyrir sig sem við svo ræddum um á eftir.

Mat:

Ánægjulegt er að sjá og finna hvað börnunum finnst þetta skemmtilegt og spennandi. Nokkur fjögurra ára börn eru farin að skrifa nafnið sitt og önnur telja og telja og spyrja hvað eru tveir plús tveir? En einn plús tveir? osfrv.

Börnin eru áhugasöm og forvitn að sjá hvað leynist í pokunum og þeim finnast verkefni skemmtileg. Pokarnir hafa nýst starfsfólkinu vel sem kennslutæki s.s. í málörvun, stærðfræði, samskiptum og, til eflingar sjálfsmynd barnanna. Til málörvunar eru orðskýringar á mörgum orðum úr hverri sögu, þessi orð eru notuð í rím, til að klappa samstöfur, skoða samsett orð,

hvað er eintala og fleirtala orðin eru færð inn í daglegt mál t.d. er hafragrauturinn orðinn himneskur og fiskurinn gómsætur. Vinátta og samskipti meðal barnanna eykst þar sem þau þurfa ýmist að vinna saman eða skiptast á og deila á milli sín verkefnum. Þau æfa tungumálið segja frá sögum og fara með þulur. Þau kynnast stærðfræðiheitum s.s. plús og mínus, jafnt og, heill og hálfur, læra að telja með teningum og hlutum ásamt því að læra tölustafina. Þau skoða klukkur og grunnformin og læra heiti þeirra. Litir spila einnig stóran þátt í fræðslunni.

Verkefnið var kynnt öllu starfsfólki leikskólans. Það var einnig kynnt á Menntadaginn í Hofsstaðaskóla, þar sem hengdar voru upp myndir og innihald pokanna tekið fram.

Ábyrgðarmenn verkefnisins voru til staðar og sögðu frá notkun pokanna og þeim hugmyndum sem liggja að baki verkefnum. Verkefnið vakti mikla athygli. Kennarar yngri árganga í grunnskóla sýndu því áhuga og komu í heimsókn til að skoða nánar og fá að nýta hugmyndir/verkefni úr pokunum.

Þessu verkefni á að vera lokið enn því líkur í raun aldrei því enn erum við kíkja í kringum okkur og ath. hvort við sjáum eitthvað skemmtilegt til að bæta við í pokana.



Ráðstöfun styrks

Heildarupphæð : ___500.000 kr

Laun		240.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla		117.363
Gögn		142.637

Verkefnastjórar:

Aðalheiður Eva Viktorsdóttir og Elsa Björg Friðjónsdóttir leikskólakennarar